

Titill: Félags- og persónuleikasálfræði

Skammstöfun: SÁLF3CF05

Námsgrein: Sálfræði

Viðfangsefni: Félags- og persónuleikasálfræði

Prep: 3

Einingafjöldi: 5

Lýsing:

Í áfanganum gefst nemendum tækifæri að læra um helstu hugtök og kenningar innan félags- og persónuleikasálfræði. Fjallað er um ýmis viðfangsefni félagssálfræðinnar, svo sem viðhorf og viðhorfabreytingar, fordóma, staðalmyndir, áróður, hlýðni, áhrif fjölmiðla, áhrif hópa og hópþrýsting, vináttu, ást og aðlöðun. Einnig er fjallað um viðfangsefni persónuleikasálfræðinnar, svo sem ólíkar skilgreiningar á persónuleika, persónuleikakenningar og persónuleikapróf. Sérstök áhersla verður lögð á að efla enn fremur vísindaleg vinnubrögð og gagnrýna hugsun nemenda með því að auka víðsýni og rökhugsun.

Forkröfur: SÁLF2BT05/SÁLF2BP05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu kenningum um persónuleikann og mótun hans
- aðferðum við mælingar á persónuleika
- helstu hugtökum félagssálfræðinnar og rannsóknum sem tengjast þeim
- rannsóknum á hvað mótar viðhorf fólks og hvernig má hafa áhrif á þau
- áhrifum návistar annarra á ólíka þætti hegðunar, t.d. hvað varðar frammistöðu í ólíkum verkefnum og hjálpsemi
- rannsóknum á aðsemd og hlýðni
- þeim ferlum sem eiga sér stað í hópum t.d. hvað varðar hópþrýsting og ákvarðanatöku
- rannsóknum á staðalmyndum og fordómum
- hvaða þættir skipta máli varðandi það við hverja manni líkar og hverja ekki
- kenningar um ást og það að verða ástfanginn
- rannsóknir á hjálpsemi og árásargirni

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nefna, útskýra og beita hugtökum og kenningum félags- og persónuleikasálfræði á skýran hátt
- beita vísindalegri hugsun og vinnubrögðum
- gera vandaðar sálfræðirannsóknir frá grunni og skrifa tilraunaskýrslur eftir reglum sálfræðinnar
- nota viðurkenndar heimildir og gera greinamun á þeim og léttvægum
- tjá kunnáttu sína á sviði greinarinnar bæði í ræðu og riti

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja efni áfangans við eigið líf og skoða eigin hegðun og annarra út frá kenningum hugtökum félags- og persónuleikasálfræði
- setja fram eigin rannsóknarniðurstöður á skipulegan og skýran hátt
- vega og meta rannsóknarniðurstöður með gagnrýnum hætti
- vega og meta gildi ólíkra heimilda
- efla eigin siðferðisvitund og umburðarlyndi
- geta tekið þátt í rökræðum um málefni greinarinnar
- ígrunda og meta eigið nám og vinnuframlag sem og samnemenda sinna

Námsmat:

Rannsóknarverkefni, tímaverkefni, tímapróf.